



Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar 5. Fundur, 10. september 2007

Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar hélt fimmta fund sinn mánudaginn 10. september 2007 kl. 14:00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting skv. undirskriftum.

Eyjólfur Þórarinsson kynnti kostnaðarútreikninga að tvenns konar mannvirkjum sem hafa verið teiknuð. Um er að ræða frumáætlun sem ætlað er að innifeli allan kostnað sem hlýst af verkefninu, byggingu sundlaugar og tilheyrandi svæðis, breytingar íþróttahúss og frágang umhverfis mannvirkið.

Heildarkostnaður við tillögu A (innilaug 16,67 x 10,5 m.) er áætlaður 323,5 milljónir króna. Heildarkostnaður við tillögu B (útilaug 25 x 8 m.) er áætlaður 281,5 milljónir króna. Þar er innifalið skyggni með norðurhlið laugarinnar.

Fram kom að hönnun eftir að ákvörðun um tilhögun mannvirkis liggur fyrir gæti tekið 3 – 6 mánuði þar til hægt væri að bjóða út framkvæmdina. Framkvæmdatími gæti verið á bilinu 9 – 12 mánuðir.

Miklar umræður urðu um framhald málsins og ákveðið að leggja fyrrgreindar kostnaðaráætlanir fyrir bæjarstjórnarfund 11. september 2007 ásamt því að kynna tillögurnar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 15:00

Eyjólfur Þórarinsson
Héðinn Sigurðsson
Ágúst Þór Bragason
Guðmundur Haraldsson
Stefán Árnason, byggingafulltrúi

Einar Kolbeinsson